




Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2015



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2015

Ársskýrsla 2015

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2016/11

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ljósmyndir: Magnús Karel Hannesson og


Ingibjörg Hinriksdóttir.

Forsíðumynd: Skógafoss - einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.

Ljósmyndari: Magnús Karel Hannesson

Prentun: Umslag

Ávarp formanns



Kæri lesandi!

Fyrir framan þig er eintak af ársskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015. Skýrslunni er ætlað að ná utan um verkefni stjórnar og starfsfólks sambandsins á árinu 2015. Við lestur hennar ætti eitt og annað markvert frá árinu að rifjast upp og sveitarstjórnarmenn sem lesa hana geta vonandi sannfærst um að stjórn og starfsfólk er að vinna í

samræmi við stefnumótun þá sem unnin er á landsþingum sambandsins. Það er auðvitað starfsfólkið okkar sem heldur utan um alla vinnuna og gerir hana svo aðgengilega kjörnum fulltrúum sem raun ber vitni.

Endalaust er þörf á upplýsingum og er þessi skýrsla einungis einn liður í því að koma vönduðum upplýsingum á framfæri. Vefur sambandsins er mikilvægur til þess að gefa nánast daglegar upplýsingar. Þar er aragrúi upplýsinga um sveitarstjórnarmál. Þar er hægt að fara inn á fundargerðir

stjórnar og nálgast gögn á bak við hvern einasta lið í gegnum fundargerðina. Þannig hefur það verið í mörg ár og sambandið þannig frumkvöðull í aðgengi að gögnum. Þá er hægt að setja saman ýmsar töflur og samanburð milli sveitarfélaga eftir eigin höfði, svo annar mikilvægur notkunarmöguleiki sé nefndur. Auk þess gefur sambandið út skólaskýrslu, félagsþjónustuskýrslu, árbók sveitarfélaga, tímaritið Sveitarstjórnarmál og vefritið Tíðindi af vettvangi sambandsins svo nokkur dæmi séu tínd til. Svo er sambandið líka á Facebook. Upplýsingarnar eru því víða og full þörf á.

Ég vil þakka starfsfólki okkar fyrir vandaða vinnu við gerð ársskýrslunnar og stjórn fyrir gott samstarf um leið og ég sendi samstarfskveðju til sveitarstjórnarfólks um land allt.

Halldór Halldórsson formaður

Inngangur



Í þessari ársskýrslu sambandsins eru dregnar saman helstu upp-lýsingar úr starfseminni á árinu 2015. Eins og undanfarin ár liggur meginþungi starfsins í sex þáttum.

Fræðslumálin, félagsþjónustan, hagsmunagæslan, m.a. vegna setningar laga- og reglugerða um starfsemi sveitarfélaga, umhverfismálin, kjaramálin, erlend samskipti og upp-lýsingamiðlunin, bæði á sviði

fjármála og annarra viðfangsefna sveitarfélaga, mynda þessa grunnþætti. Skipurit sambandsins endurspeglar þessar áherslur og verkaskiptingu. Samvinna starfsmanna þvert á svið er þó einkennandi fyrir starfsmanna-hópin enda eru það stóru markmiðin í stefnumörkun sambandsins og skilgreindu hlutverki þess sem eru leiðarljósið. Þessi samheldni starfsmanna og markmiðsstýrðu vinnubrögð eru einnig ráðandi í ánægjulegum samskiptum þeirra við stjórn sambandsins og sveitarstjórnarmenn. Hin skýra stefnumörkun skapar aðstæður fyrir skilvirkni og viðbragðsflýti í starfseminni því allir starfsmenn vita hvert stefna skuli hverju sinni þegar hin ýmsu mál koma upp og engin ástæða er til að hika við leitina að lausnum.

Áhersluþættir í starfi sambandsins eru birtir í starfsáætlunum sem liggja fyrir við upphaf hvers árs. Þar er fjallað um einstök verkefni og hvernig unnið verður að framgangi þeirra á árinu. Við lok hvers árs er sett fram árangursmat sem stjórn sambandsins fjallar um samtímis því að áherslur næsta árs eru ákvarðaðar. Þannig liggja þessi verkefni öll fyrir á aðgengilegan hátt á heimasíðu sambandsins öllum til upplýsingar.

Það er ásetningur og metnaður sambandsins að starfsmennirnir sýni framsækni og tileinki sér lausnarmiðaða hugsun í samskiptum við alla þá sem þjóna og vinna með. Slíkt á að koma fram í vinnslu og lausnum þeirra fjölda viðfangsefna sem tekin eru til þróunar og umsýslu á ári hverju. Í ársskýrslunni er leitast við að draga upp mynd af þessum viðfangsefnum, en hún endurspeglar þó ekki nema brot af heildarverkinu. Mikilvægast er sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstigsins auk þess sem ríkisvaldið og aðrir sem samskipti hafa við sambandið geti treyst því að hlutlægni og fagmennska ráði ferðinni. Slíku er ekki hægt að lýsa í ársskýrslu. Það er annarra að meta.

Að venju hefur sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég honum bestu þakkir fyrir vel unnið starf. Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2015 og vona að ársskýrsla þessi birti upplýsingar og áhugavert efni um starfsemina sem lesendur hennar kunna að meta.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri.

Helstu verkefni ársins 2015

Landsþing

XXIX. landsþing sambandsins var haldið um miðjan apríl í Salnum í Kópavogi. Til þingsins mættu 129 landsþingsfulltrúar frá 64 sveitarfélögum og 56 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétti, auk gesta og starfsmanna sambandsins.

Yfirskrift landsþingsins að þessu sinni var Staldrað við og staðan metin. Meginumræðuefni voru svæðasamvinna sveitarfélaga, efling sveitarstjórnarstigsins, endurskoðun kosningalaga og staðan í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um endurmat á þjónustu við fatlað fólk.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, ræddi í setningarræðu sinni um meginviðfangsefni þingsins og sagði m.a., þegar hann fjallaði um svæðasamvinnu sveitarfélaga:

„Áherslan undanfarin ár hefur verið á samstarf sveitarfélaga um ný verkefni en ekki á sameiningar og er það í samræmi við niðurstöðu landsþings 2006 um að fara í færslu fleiri verkefna til sveitarfélaga og leysa það með aukinni samvinnu í stað þess að bíða eftir frekari sameiningum. Sveitarstjórnarmenn þurfa að vera meðvitaðir um hvaða áhrif þessi þróun hefur og það er mikilvægt á nýju kjörtímabili að ræða hvert skuli halda. Umræðan þarf að taka mið af framtíðaráskorunum sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn verða að líta lengra fram í tímann en bara til yfirstandandi kjörtímabils. Það er fyrirséð að velferðarþjónustan á eftir að þyngjast og verða dýrari vegna öldrunar íbúa næstu áratugina og líka vegna þess að þróunin er í þá átt að íbúar eru að gera stöðugt meiri kröfur um þjónustu sem er sniðin að þeirra einstaklingsbundnu þörfum. Það er líka fyrirséð að skatttekjur eiga eftir að dragast saman þar sem fólki á vinnualdri á eftir að fækka

hlutfallslega. Í nágrannaríkjum okkar annars staðar á Norðurlöndum hefur ríkisvaldið gripið til aðgerða til að styrkja sveitarstjórnarstigið með sameiningum til að þau geti mætt þessum framtíðaráskorunum. Á Íslandi hefur ríkisvaldið ekki viljað fara í slíkar aðgerðir til að hafa áhrif á þróun sveitarstjórnarstigsins.“

Innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, ávarpaði þingið og svaraði fyrirspurnum landsþingsfulltrúa.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, gerði grein fyrir vinnu við endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Þá fjölluðu Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, og Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, um sameiningar og samstarf sveitarfélaga og spurðu: *Hvað næst?*

Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, ræddu lýðræðið og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Að lokum gerði Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, grein fyrir þeim ákvæðum í stefnumörkun sambandsins 2014–2018 um kosningar og kosningalöggjöfina.

Halla Sigríður Steinólfsdóttir, varaformaður stjórnar sambandsins, sleit landsþinginu og sagði m.a.: „Við skulum minnst þess nú á árinu 2015, að fyrir einungis 100 árum máttu konur ekki hafa áhrif á samfélag sitt, nema þá til að fæða og klæða karlkyns sveitarstjórnarmenn. Við höfum það ákaflega gott og höfum svo margt að þakka fyrir og minnumst þess með verkum okkar í sveitarstjórnunum, karlar og konur. [...] Það er víska mín, að það er hugur í sveitarstjórnarmönnum „að halda áfram að gera eitthvað“, svo ég vitni nú í einhvern sauðfjárbóna í Sumarhúsum.“



Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, flytur ávarp við upphaf landsþings 2015 sem haldið var í Salnum í Kópavogi.

Stjórn sambandsins

Þær breytingar urðu á stjórn sambandsins á árinu, að Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, fékk lausn frá setu í borgarstjórn og missti þar með kjörgengi sitt til setu í stjórn sambandsins. Í hennar stað kom inn í stjórnina Skúli Helgason varamaður, en kjósa þarf nýjan aðalmann á landsþingi vorið 2016.

Stjórnin hélt 11 stjórnarfundum á árinu 2015, þar af einn utan Reykjavíkur. Að auki fundaði stjórnin með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga, þar sem farið var yfir verkefni landshlutasamtakanna og samstarf þeirra og sambandsins. Fundur þessi er árlegur og er haldinn að lokinni árlegri fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Á níu fundum stjórnarinnar sátu varamenn í forföllum aðalmanna, eins eða fleiri.

Á fundum stjórnarinnar voru 285 mál tekin til umræðu eða lögð fram til kynningar. Sum mál eru oftast einu sinni á dagskrá stjórnarinnar. Má þar t.d. nefna endurmat á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk, frumvarp um opinber fjármál, fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólástigi o.fl.

Á hátíðarfundum stjórnar sambandsins í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins var samþykkt að veita allt að þremur meistaranemum styrki vegna meistara- og bestu- og fjalla um málefni sveitarfélaga og hafa skírskotun til markmiða og aðgerða í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014–2018. Á fundinum var jafnframt opnað fyrir aðgang almennings að tímaritinu Sveitarstjórnarmálum frá upphafi á vef landsbókasafnsins www.timarit.is. Stjórnin hafði samþykkt á árinu 2014 að kosta innskönnun á tímaritinu í tilefni af afmæli sambandsins.

Þá var á hátíðarfundinum opnaður á netinu nýr og endurbættur upplýsinga- og samskiptavefur sambandsins www.samband.is. Vefurinn var m.a. gerður aðgengilegur í flestum þeim tækjum sem almenningur notar til þess að eiga í

samskiptum á netinu – snjallsímum, spjaldtölvum og far- og borðtölvum.

Árleg ferð stjórnar um landsbyggðina var að þessu sinni farin um vestanverða Árnassýslu. Stjórnin hitti fulltrúa sveitarstjórna í Sveitarfélaginu Ölfusi, Sveitarfélaginu Árborg, Hveragerðisbæ og Grímsnes- og Grafningshreppi. Rætt var um þau mál sem helst brunnu á heimamönnum í hverju sveitarfélagi fyrir sig og svo þau áherslumál sem snerta sveitarfélögin í heild sinni. Stjórnin hélt reglulegan fund sinn í Hveragerði í tengslum við ferðina og heimsótti fyrirtæki og stofnanir í Blómabænum, sem svo er kallaður

Norrænn framkvæmdastjórafundur

Í ágúst var haldinn fundur framkvæmdastjóra norrænu sveitarfélagasambandanna á Hellu á Rangárvöllum. Fundinn sátu framkvæmdastjórar frá öllum norrænu ríkjum, nema Danmörku en fulltrúar þaðan áttu ekki heimangengt að þessu sinni vegna anna. Auk framkvæmdastjóra sambandsins sat sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs fundinn.

Meginumfjöllunarefni fundarins voru skattlagning og tekjuöflun norrænna sveitarfélaga í alþjóðlegum samanburði, breytingar á sveitarfélagaskipaninni og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga í Finnlandi, vinabæjasamskipti og samstarf norrænu sveitarfélagasambandanna.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferðir um Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Árnassýslu og skoðaðar allar helstu náttúruperlur Suðurlandsundirlendisins með góðri leiðsögn heimamanna.



Framkvæmdastjórar norrænu sveitarfélagasambandanna héldu fund hér á landi og skoðuðu helstu náttúruperlur Suðurlands.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Samskipti ríkis og sveitarfélaga voru með hefðbundnu sniði á árinu 2015. Reyndar var aðeins einn fundur haldinn í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – svokallaðri Jónsmessunefnd – á árinu. Framkvæmd nefndarstarfsins var á hendi innanríkisráðuneytisins þetta árið.

Það verkefni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sem hæst bar á árinu, var endurmat á samkomulagi um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga frá 2010. Undir lok nóvember tókst að ljúka við skýrslu verkefnisstjórnar um endurmat á þjónustu við fatlað fólk. Verkefnisstjórnin hélt samtals 62 fundi á tveggja ára tímabili. Í framhaldinu var gert samkomulag við ríkið um hækkun á fjárveitingum til þjónustu við fatlað fólk um 1,5 ma.kr. Það er gert með því að hækka greiðsluhlutfall ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sérgreina framlagið til þessarar þjónustu.

Framkvæmdastjóri og lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins tóku þátt í vinnu við gerð frumvarpa um breytt fyrirkomulag húsnæðismála og húsnæðisstuðnings hins opinbera í formi húsnæðisbóta, sem komi í stað húsaleigubóta og vaxtabóta. Frumvörpin voru lögð fram, en hafa enn ekki verið afgreidd á Alþingi. Ef frumvörpin verða samþykkt mun það hafa áhrif á regluverk og fjármögnun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem eftir er að ræða við ríkisvaldið.

Framkvæmdastjóri sambandsins átti fyrir hönd sveitarfélaganna sæti í stýrinefnd stjórnarráðsins sem vann frumvarp til laga um opinber fjármál. Þar var sjónarmiðum sveitarfélaganna haldið á lofti. Frumvarpið var lengi til umfjöllunar hjá Alþingi en var samþykkt sem lög undir lok ársins. Í framhaldinu hefur farið fram mikil vinna við að formgera efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga flutti framkvæmdastjóri sambandsins erindi um styrkingu og breikkun tekjustofna

sveitarfélaga. Byggt var á einstökum þáttum í stefnumörkun sambandsins um þetta efni. Í framhaldinu var fjallað um minnisblað framkvæmdastjóra um málið í stjórn sambandsins þar sem settar voru fram tillögur um næstu skref varðandi ýmsa þætti málsins. Á grundvelli þess var erindi sent fjármála- og efnahagsráðherra, og um það fundað stuttu síðar, þar sem einstakir þættir málsins voru greindir. Í framhaldinu hefur hafist vinna milli sambandsins og fulltrúa ráðuneytisins um frekari greiningar og útfærslur og stendur sú vinna enn yfir.

Kjaramálaráð

Í framhaldi af umfjöllun og samþykkt Jónsmessunefndar á vormánuðum 2015 gerðu fjármála- og efnahagsráðherra, sambandið og Reykjavíkurborg samkomulag um samstarf á sviði kjaramála. Í kjölfarið var kjaramálaráð aðila stofnað sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir aðila samkomulagsins og stuðla að samhæfingu við gerð kjarasamninga. Sæti í ráðinu eiga tveir fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis, framkvæmdastjóri sambandsins og fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Samhliða var stofnaður samráðsvettvangur samninganefnda aðila þar sem formenn og varaformenn samninganefnda hins opinbera aðila eiga sæti. Kjaramálanefnd hélt nokkra fundi á árinu með samráðsvettvangi samninganefndanna þar sem farið var yfir stöðu og þróun í kjaraviðræðum á opinberum vinnumarkaði. Einnig var fylgst með gangi mála á almennum vinnumarkaði. SALEK-samkomulagið var ítarlega rætt og yfirfarið á fundum kjaramálaráðs. Þetta nýja samstarf fór vel af stað og lofar góðu um samskipti fulltrúa opinberra vinnuveitenda

Samstarf aðila vinnumarkaðarins

Samstafsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK) gaf út nýja skýrslu um efnahags- umhverfi og launaþróun – í aðdraganda kjarasamninga – í



Launafulltrúar sveitarfélaga á fundi með kjarasviði sambandsins í Borgartúni í Reykjavík.

febrúar 2015. Skýrslan er afrakstur starfa tveggja vinnuhópa á vegum samstarfsnefndarinnar. Verkefni annars hópsins var að sjá um tölfræðiúrvinnslu launaupplýsinga og hins að greina efnahagsforsendur kjarasamninga. Í október undirritaði SALEK-nefndin rammasamkomulag milli aðila vinnu- markaðar um sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og að eiga samvinnu um að þróa nýtt samningalíkan sem gilda muni við gerð kjarasamninga á Íslandi frá árinu 2019. Með samkomulagi þessu er lagður grunnur að meiri sátt á vinnu- markaði með breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga. Markmiðið er að auka kaupmátt við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægra vaxtastigs. Þar leikur vinnu- markaðurinn stórt hlutverk í samspili við stjórn opinberra fjármála og peningamála.

Málefni flóttamanna

Málefni flóttamanna voru í brennidepli á árinu 2015, en stórauðinn straumur flóttafólks til Evrópu skapaði mikil vandamál um alla álfuna. Meira en ein milljón manna sóttu um hæli í Evrópu á árinu 2015 (1,2 millj.), meira en helmingi fleiri en 2014. Ísland fór ekki varhluta af þessum atburðum og eins og í Evrópu þá tvöfaldaðist tala hælisleitenda á árinu 2015. Vegna flóttamannavandans samþykkti ríkisstjórnin í september að leggja til við Alþingi að 2 ma.kr. verði varið í aðstoð við flóttafólk og hælisleitendur á árinu 2015 og 2016, m.a. til að taka á móti hópum flóttafólks frá Sýrlandi fyrir milligöngu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Mörg íslensk sveitarfélög brugðust skjótt við og samþykktu að taka á móti sýrlenskum flóttamönnum sem nýjum íbúum. Ljóst var að ný staða var komin upp í flóttamannamálum hér á Íslandi sem kallaði á markvissar og samstilltar aðgerðir allra hlutaðeigandi, þ. á m. sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum í september, að sambandið skyldi bjóða sveitarfélögum aðstoð sína vegna undirbúnings komu flóttamanna og beita sér gagnvart ríkis-

valdinu til hagsbóta fyrir sveitarfélögin. Stofnað var þverfaglegt teymi á skrifstofu sambandsins til þess að hafa yfirumsjón með aðgerðum sambandsins. Fyrstu verkefni teymisins voru að vinna að kostnaðargreiningu á þjónustu sveitarfélaga við flóttafólk og byggja upp samstarfsnet sveitarfélaga fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti.

Hafnar voru viðræður við velferðarráðuneytið sem leiddu til samninga milli ráðuneytisins og þriggja sveitarfélaga um móttöku flóttamanna – Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Akureyrarkaupstaðar. Tóku starfsmenn sambandsins ríkan þátt í þessum samningum og lögðu sveitarfélögum lið á margvíslegan hátt. Sambandið lagði á það áherslu í viðræðum við velferðar- og innanríkisráðuneyti að setja þurfi nýjar reglur um stuðning vegna allra flóttamanna, hvort sem þeir koma á eigin vegum til landsins eða í boði stjórnvalda fyrir milligöngu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Sérstaklega sé brynt að bæta stuðning við þá sem fá stöðu flóttamanna að undangenginni hælismeðferð þar sem stuðningskerfi við þá er í skötulíki.

Undir lok nóvember voru síðan undirritaðir samningar milli framangreindra þriggja sveitarfélaga og velferðarráðuneytisins um móttöku 55 sýrlenskra flóttamanna í desember. Það nýmæli var í samningunum, að móttökuverkefnið tekur til tveggja ára í stað eins áður. Þetta var gert í samræmi við ábendingar sveitarfélaga sem telja í ljósi reynslu að flóttafólk hafi þörf fyrir stuðning í kjölfar komu hingað til lands um lengri tíma en áður hefur verið miðað við. Gert var ráð fyrir að greiðslur ríkisins til sveitarfélaganna á samningstímanum næmu samtals 173,4 m.kr.

Ekki varð úr að flóttamennirnir kæmu til Íslands í desember, en þeir komu til landsins í byrjun árs 2016, þá heldur færri en áætlað var eða 35. Fjórar fjölskyldur fóru til Akureyrar og tvær til Kópavogs.



Ráðherra félagsmála kom í heimsókn og kynnti sér starfsemi sambandsins í upphafi árs 2015.

Norrænt jafnréttisverkefni

Á árinu 2015 lauk samstarfsverkefni norrænu sveitarfélaga-sambandanna um jafnrétti í sveitarfélögum sem hófst 2014. Yfirmarkmið verkefnis var að varpa ljósi á hvernig hægt er að nýta kynjasamþættingu til að auka gæði þjónustu í norrænum sveitarfélögum. Norræna ráðherra nefndin styrkti verkefnið um DKR 150.000. Tólf sveitarfélög frá öllum norrænum ríkjum tóku þátt í verkefninu. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður voru meðal þeirra. Stýrihópur skipaður fulltrúum frá öllum sveitarfélagasamböndunum hafði umsjón með verkefninu. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs var fulltrúi sambandsins í stýrihópnum. Stýrihópurinn skipulagði þrjár vinnustofur 2014–2015 þar sem þátttökusveitarfélögin skiptust á reynslu og þekkingu og hlýddu á utanaðkomandi sérfræðinga. Í lokaskýrslu stýrihópsins til norrænu ráðherra nefndarinnar var gerð grein fyrir árangri verkefnisins. Þetta er í fyrsta skipti sem norrænu sveitarfélagasamböndin hafa unnið saman að jafnréttismálum og í fyrsta skipti sem þau hafa unnið saman að verkefni sem felur í sér beina þátttöku sveitarfélaga.

Stýrihópurinn taldi að það hefði verið ótvíræður ávinningur af verkefninu. Þátttakendur fengu góða yfirsýn yfir hvað er líkt og hvað er ólíkt á milli norrænna sveitarfélaga í jafnréttismálum. Það kom í ljós að þó löggjöfin sé svipuð í löndunum eru styrkleikar og áherslur mismunandi á milli landanna og því góðar forsendur fyrir þekkingaryfirferlsu. Verkefnið leiddi til þekkingaruppbyggingar og tengslamyndunar bæði á milli sambandanna og þátttökusveitarfélaganna sem getur orðið grundvöllur fyrir frekari samstarfsverkefnum.

Ráðstefna um íslenska sveitarstjórnarstigið í norrænu ljósi

Ráðstefnan var haldin í október með vísun til markmiðs 3.1.3 í stefnumörkun sambandsins 2014–2018 um að það skuli standa fyrir umræðu og skoðun á mögulegum sameiningum

sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins og á grundvelli starfsáætlunar þróunar- og alþjóðasviðs 2015. Hún var haldin í samvinnu við innanríkisráðuneytið og Nordregio sem er stofnun á vegum Norrænu ráðherra nefndarinnar á sviði byggða- og skipulagsmálamála. Nordregio styrkti ráðstefnuna faglega og fjárhagslega. Markmið ráðstefnunnar voru:

- Að gefa yfirlit yfir nýleg umbótaverkefni á sveitarstjórnarstiginu á Norðurlöndum, hvað liggur að baki þeim, hver voru markmiðin, hafa þau náðst, hindranir og árangursþætti.
- Að fjalla um hvað Ísland geti lært af þessum umbóta-verkefnum og hvernig hægt er að heimfæra þau upp á íslenskar aðstæður.
- Að stofna til tengsla á milli íslenskra fræðimanna um málefni sveitarstjórnarstigsins og fræðimanna á þessu sviði á hinum Norðurlöndunum.

Siv Sandberg frá Háskólanum í Åbo í Finnlandi, Gissur Erlingsson frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð og Helene Ohm, sem var fulltrúi í sérfræðinganevnd norsku ríkisstjórnarinnar um umbætur á norska sveitarstjórnarstiginu og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Finnøy í Noregi, fjölluðu um þátt 1.

Fræðimennirnir Gunnar Helgi Kristinsson, Háskóla Íslands, Grétar Þór Eypórsson og Vífill Karlsson, Háskólanum á Akureyri, og Magnús Árni Magnússon, Háskólanum á Bifröst tóku þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og fjölluðu um þátt tvö. Að lokum voru almennar umræður. Þátttakendur voru 68.

EES EFTA Sveitarstjórnarvettvangur

Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES EFTA ríkjunum gagnvart ESB. Í honum eiga sæti tólf kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi, sex frá hvoru landi, og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykja-



Verðlaunahafar við afhendingu Nýsköpunarverðlaunanna 2015 ásamt Halldóri Halldórssyni, formanni sambandsins.

víkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. Norðmenn fóru með formennsku í vettvanginum á árinu 2015 en Halldór Halldórsson formaður sambandsins var varaformaður.

Sveitarstjórnarvettvangurinn fundaði í ellefta sinn í Stange, Noregi í júní. Helstu viðfangsefni fundarins voru frjáls för vinnuafis og fólksflutningar á EES svæðinu sem vettvangurinn ályktaði um. Einnig var fjallað um áhrif væntanlegs fríverslunarsamnings ESB og Bandaríkjanna á sveitarfélög og mat ESB á stöðu EES-samningsins. Tólfli fundur vettvangsins fór fram í Brussel í nóvember. Helsta viðfangsefni fundarins var loftslagsráðstefnan í París (COP21), sem haldinn var í byrjun desember, og hlutverk sveitarfélaga og aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum, sem vettvangurinn ályktaði um. Áfram var fjallað um fyrirhugaðan fríverslunarsamning ESB og Bandaríkjanna (TTIP), og einnig samningaviðræður um fjölpjóðlegan samning um þjónustuviðskipti (TISA) og flóttamannavandann í Evrópu.

Stefnumótandi nefnd Evrópusamtaka sveitarfélaga

Sambandið á þrjá fulltrúa í nefnd sem fer með pólitíska yfirstjórn Evrópusamtaka sveitarfélaga CEMR (Policy Committee). Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum í október að tilnefna Höllu Sigríði Steinólfsdóttur, varaformann sambandsins, sem fulltrúa í nefndina í stað Bjarkar Vilhelmsdóttur sem lét af störfum sem borgarfulltrúi. Aðrir aðalmenn frá 2014 eru stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir og Eiríkur Björn Björgvinsson. Halla Sigríður og Björk tóku þátt í fundi nefndarinnar í München í júní og allir þrír aðalmennirnir tóku þátt í fundi nefndarinnar í París í desember sem var haldinn í tengslum við loftslagsráðstefnuna COP21. Staðan í flóttamannamálum og loftslagsmál voru mál málanna á þessum fundum, auk annarra hefðbundinna mála, eins og fjárhags- og starfsáætlun CEMR. Einnig var fjallað um undirbúning Allsherjarþings CEMR sem er haldið á fjögurra

ára fresti og næst í apríl 2016 á Kýpur. Nýleg hryðjuverk í París settu óhjákvæmilega svip sinn á fundinn.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Strassbourg

Sambandið á þrjá fulltrúa á sveitarstjórnarþinginu. Aðalmenn eru Halldór Halldórsson, sem er formaður íslensku sendinefndarinnar, Gunnar Axel Axelsson stjórnarmaður og Elín R. Línadal fyrrverandi stjórnarmaður. Þau tóku þátt í 28. og 29. þingum á árinu. Á vorþinginu, sem var haldið í mars, var aðalumfjöllunarefnið hlutverk sveitarfélaga í mannréttindamálum, með áherslu á stöðu flóttamanna, aðgerðir gegn mismunun og til að stuðla að gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og flóttamanna. Haustþingið var haldið í október. Á því var m.a. fjallað um aðgerðir sveitarstjórnarstigsins til að berjast gegn því að öfgaskoðanir nái að festa rætur, stöðu ungs fólks gagnvart lýðræðinu og stöðu kvenna og barna sem standa höllum fæti.

Málþing um upplýsingatæknimál sveitarfélaga

Sambandið stóð fyrir málþingi um upplýsingatæknimál sveitarfélaga í Reykjavík í júní. Markmið málþingsins voru skilgreind þannig:

- Kynna verkefni sem unnið er að á grundvelli stefnu ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016 og skipta máli fyrir sveitarfélög,
- varpa ljósi á rekstrarmál sveitarfélaga á sviði upplýsingatækni og
- gefa fulltrúum sveitarfélaga tækifæri til að ræða þau, og önnur úrlausnarefni í UT-málum, svo og samstarfsmöguleika.



Frá málþingi um upplýsingatæknimál sveitarfélaga sem haldið var á Grand hóteli í júní.

Markhópur málþingsins voru yfirstjórnendur í sveitarfélögum og þeir sem bera ábyrgð á og starfa að UT-málum sveitarfélaga. Um 40 þátttakendur tóku þátt í málþinginu. Í lok málþingsins voru almennar umræður um áskoranir og tækifæri í upplýsingatæknimálum sveitarfélaga. Niðurstöður umræðunnar voru teknar saman og lagðar fyrir stjórn sambandsins.

Úttekt á opinberum vefjum 2015 og UT-dagurinn

Sambandið hefur frá upphafi verið þátttakandi í úttekt á opinberum vefjum fyrir hönd sveitarfélaga, en þær hafa verið gerðar annað hvert ár frá árinu 2005. Sjötta úttektin var gerð á árinu 2015 og niðurstöður kynntar á UT-deginum í nóvember, sem sambandið tók þátt í að skipuleggja með innanríkisráðuneytinu og fleiri aðilum.

Í fyrsta sinn var gerð sérstök úttekt á öryggi opinberra vefja. Hún leiddi í ljós að þörf er á úrbótum bæði hjá stofnunum og þeim sem veita þeim tölvuþjónustu. Úttektin vakti strax úrbótaviðbrögð en ljóst er að þörf er á frekari aðgerðum og uppbyggingu öryggismenningar sem snýst ekki bara um tæknilega þætti, heldur líka verklag. Það er áhyggjuefni að það er lítil framþróun á vefjum sveitarfélaga. Vefir þeirra skora enn lægst að meðaltali, með 65 stig, sem er óbreytt frá síðustu úttekt, meðan heildarmeðaltalið er 74 stig og meðaltal ríkisstofnana 79 stig. Milliflokkur sveitarfélaga með íbúa á bilinu 1.000–9.999 bætti sig þó aðeins og eru komin með rúmlega 70 stig en bæði stærri og minni sveitarfélög lækkuðu í stigagjöf þegar á heildina er litið. Sveitarfélög standa sig einnig ver í svörum. Aðeins bárust svör frá 58% sveitarfélaga meðan heildarsvarhlutfallið er 74% og 79% fyrir ríkisstofnanir. Allir vefirnir eru þó metnir en ef svör vantar getur viðkomandi aðili skorað lægra þar sem hætta er á að einhverjar upplýsingar komist ekki til skila. Vefur Akraneskaupstaðar var valinn besti sveitarfélagavefurinn.

Nýsköpunarverðlaun 2015

Sambandið hefur frá árinu 2012 tekið þátt í veitingu nýsköpunarverðlauna í opinberri stjórnsýslu og þjónustu, ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Félag stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga hefur líka komið að verkefninu. Veiting nýsköpunarverðlauna 2015 fór fram á Grand hóteli í Reykjavík í janúar. Sveitarfélög skákuðu ríkisstofnunum algerlega við þetta tækifæri. Nýsköpunarverðlaunin 2015 hlaut velferðarsvið Reykjavíkurborgar fyrir verkefnið Geðheilsustöðin í Breiðholti. Með Geðheilsustöðinni er fullorðnum einstaklingum sem greinst hafa með geðraskanir veitt heildræn þjónusta og hefur verkefnið dregið verulega úr innlögnum á geðsvið Landspítalans. Fimm önnur verkefni fengu sérstakar viðurkenningar:

- Hafnarfjarðarkaupstaður fyrir „Áfram: Ný tækifæri í Hafnarfirði“,
- Reykjavíkurborg fyrir „Næringarútreiknaðir matseðlar, örútbod og matarsóun“,
- Langesbyggð vegna Grunnskólans á Bakkafirði fyrir „Vinnustofur- Fjölbreyttir kennsluhættir og nýsköpun“,
- Seltjarnarnesbær fyrir „Ungmennaráð Seltjarnarness“ og
- Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins fyrir „Veru: Öruggur rafrænn aðgangur að mínum heilbrigðisupplýsingum“.

Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn

Frá árinu 2002 hefur sambandið skipulagt námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarmenn í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga. Sambandið stóð fyrir þrenns konar námskeiðum 2014–2015:



Sveitarstjórnarmenn fjölmenntu á námskeið á árinu 2015. Myndin hér að neðan er tekin á námskeiðinu í Reykjavík í apríl.

- Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum - 249 þátttakendur.
- Námskeið fyrir skólanefndir - 128 þátttakendur.
- Námskeið fyrir félagsmálanefndir - 161 þátttakandi.

Konur voru meirihluti þátttakenda í öllum námskeiðunum.

Samtals voru námskeiðin 26 núna en þau voru 29 eftir sveitarstjórnarkosningar 2010 fyrir sömu hópa. Aðalskýringin á fækkun námskeiða er sú að á fyrra kjörtímabili voru haldin tvenns konar námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum, annars vegar um að vera í sveitarstjórn og hins vegar um lagalega stöðu, fjármálastjórn og vinnuveitendahlutverk. Samtals tóku 298 þátt í þessum tveimur námskeiðum. Hvort námskeið um sig var heill dagur en nú voru þau sameinuð í eitt heils dags námskeið. Á móti voru haldin tvö námskeið í þremur landshlutum þar sem fjarlægðir eru mestar. Rökin fyrir því að sameina námskeiðin voru að ná til fleiri með grunnfræðslu. Segja má að það hafi tekist því mun fleiri tóku þátt í námskeiðinu en í hvoru hinna námskeiðanna. Jafnframt var ætlunin að bjóða í framhaldinu upp á styttri námskeið og námskeið á vefnum um afmarkaða þætti til bæta upp óhjákvæmilegan niðurskurð á námsefni. Önnur breyting frá fyrra kjörtímabili var sú að í stað þess að starfsfólk lögfræði- og velferðarsviðs annaðist námskeið fyrir skólanefndir var gerður samningur við Gát sf. um að sjá alfarið um þau námskeið. Í þriðja lagi voru námskeið fyrir skólanefndir og félagsmálanefndir heils dags námskeið en ekki hálf dags eins og á síðasta kjörtímabili.

Boðið var upp á námskeiðin í öllum landshlutum og í sumum landshlutum voru haldin fleiri en eitt námskeið. Námskeiðin fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum voru haldin frá október 2014 til apríl 2015. Námskeið fyrir félagsmálanefndir voru haldin frá febrúar til maí 2015 og námskeið fyrir skólanefndir frá febrúar til október 2015.

Samkvæmt matsblöðum uppfylltu námskeiðin væntingar 85%–95% þátttakenda og niðurstöður spurninga um gagnsemi voru jafnvel enn jákvæðari.

Raforkumál

Raforkumál voru fyrirferðarmikil, þar sem samþykkt var stefna um lagningu raflína og breytingar á raforkulögum, auk þess sem starfsmenn sambandsins leituðust við að vinna að því stefnumiði að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umfjöllun um raforkumál. Að undangengnu samráði við Samorku og Samtök orkusveitarfélaga var sent erindi til innanríkisráðherra með beiðni um skipun starfshóps til að fjalla um skattlagningu virkjana. Af hálfu sveitarfélaga er markmið þeirrar vinnu að fella niður undanþágur frá fasteignaskatti, þannig að öll virkjanamannvirki verði andlag fasteignaskatts. Einnig sendi sambandið erindi til umhverfisráðherra með beiðni um skipun starfshóps til þess að gera tillögur um lagabreytingar til að tryggja að uppbygging vindorkuvera geti farið fram á grundvelli heildstæðrar löggjafar.

Ferðapjónustan

Ævintýrlegur vöxtur ferðapjónustunnar hélt áfram á árinu og fór fjöldi erlendra ferðamanna í fyrsta sinn yfir milljón manns á árinu. Ýmsir vaxtarverkir hafa fylgt þessari þróun, sem meðal annars snúa að skipulags- og öryggismálum. Í október var undirritað samkomulag milli ríkisstjórnarinnar, Samtaka ferðapjónustunnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að stofna Stjórnstöð ferðamála, sem er samræmingarvettvangur ráðuneyta, með aðkomu fulltrúa Samtaka ferðapjónustunnar og sambandsins.

Sú jákvæða breyting var samþykkt fyrir lok ársins að krafa um móttframlag sveitarfélaga vegna styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða var lækkað úr 50% í 20%, sem eykur verulega möguleika sveitarfélaga til að ráðast í nauðsynlega uppbyggingu innviða. Frumvarpið til lagum um uppbyggingaráætlun ferðamannastaða í þágu náttúruverndar náði ekki fram að ganga á vorþingi en var lagt fram aftur á haustþingi með nokkrum breytingum og sendi sambandið inn nýja umsögn. Áhersla er m.a. lögð á það í umsögninni að ríki



Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein og sífellt fjölgar þeim stöðum sem ferðamenn geta heimsótt á leið sinni um landið.

og sveitarfélög verði jafnstæð við gerð áætlunarinnar. Frumvarpið um náttúrupassa náði ekki fram að ganga og hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja málið ekki fram að nýju.

Landsskipulagsstefna

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu var lögð fram á vorþingi en náði ekki fram að ganga. Tillagan var lögð fram að nýju á haustþingi og er til umfjöllunar í nefnd. Tekið hefur verið ágætt tillit til sjónarmiða sambandsins í tillögunni eins og hún liggur fyrir nú.

Fólksflutningar

Frumvarp til laga um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni var lagt fram á Alþingi sl. vetur en náði ekki fram að ganga. Vaxandi óþols gætir af hálfu landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þess að einkaréttur til starfrækslu almennings-samgangna nýtur ekki nægilegrar verndar samkvæmt lögum, jafnframt því sem ýmsar fjárhagslegar forsendur samninga um verkefnið hafa brugðist. Sambandið styður málstað þeirra og aðstoðar þau eins og frekast er unnt. Það jákvæða skref var stigið við afgreiðslu fjárlaga að 75 m.kr. aukafjárveiting fékkst til verkefnisins, sem er m.a. ætlað að bæta fyrir afnám endurgreiðslu olíugjalds vegna almennings-samgangna.

Húsnæðismál

Húsnæðismál voru fyrirferðarmikið verkefni á árinu. Annars vegar var unnið að innleiðingu framtíðarskipanar húsnæðismála og lagði félags- og húsnæðismálaráðherra fram fjögur lagafrumvörp á haustþingi. Stjórnvöld settu einnig af stað ýmis verkefni sem ætlað er að lækka byggingarkostnað og stuðla að hagkvæmari rekstri húsnæðis. Sambandið tók beinan þátt í ýmsum af þessum verkefnum og vaktaði framvindu annarra. Eftirfylgni af hálfu lögfræði- og velferðarsviðs á árinu 2016 mun snúa sérstaklega að samspili hagræðingarverkefna og

almennri vinnu við einföldun opinbers regluverks. Þá mun nefnd sem starfað hefur frá 2012 skila af sér niðurstöðum um áhrif byggingarreglugerðar á framkvæmdakostnað og stjórnsýslu sveitarfélaga.

Grábók

Svonefnd Grábók sambandsins, sem er yfirlit um grá svæði í velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga, hefur beint kastljósinu að ýmsum brýnum úrlausnarefnum á sviði velferðarþjónustu. Erfiðlega hefur þó gengið að hefja viðræður við ráðuneyti um skipulega yfirferð Grábókarinnar í þeim tilgangi að fækka gráum svæðum en vonir standa til þess að á grundvelli samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál takist að setja aukinn kraft í verkefnið. Á árinu unnu sérfræðingar sambandsins þó að fjölmörgum málum sem fjallað er um í Grábókinni og má sem dæmi nefna geðheilbrigðismál, þjónustu við aldraða og málefni hælisleitenda og flóttamanna.

Leikskóli frá lokum fæðingarorlofs

Á vormánuðum skilaði starfshópur sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði um greiningu á faglegum og fjárhagslegum forsendum þess að bjóða upp á leikskóla frá lokum fæðingarorlofs. Í október var birt skýrsla starfshóps Reykjavíkurborgar um sama efni. Engin ákvörðun liggur fyrir um hvort farið verði í formlegar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um málið en sú kostnaðargreining sem fram kemur í þessum skýrslum ætti að verða afar gagnleg við ákvarðanatöku um málið. Í velferðarráðuneytinu er starfshópur að skoða framtíðarfyrirkomulag fæðingarorlofs og verður málið væntanlega tekið til skoðunar að nýju þegar tillögur hans liggja fyrir.



Þessi leikskólabörn voru viðstödd þegar Orðsporið var afhent á degi leikskólans þann 6. febrúar 2015.

Barnaverndarmál

Barnaverndarmál voru áberandi í starfsemi sambandsins á árinu 2015, sem og aukið samstarf við Barnaverndarstofu. Sveitarfélögin hafa óskað eftir aðkomu sambandsins vegna málefna barna með fjölpættan vanda en útgjöld sveitarfélaganna hafa aukist jafnt og þétt hvað þennan málaflokk varðar. Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í því með nokkrum sveitarfélögum að kortleggja þróunina í barnaverndinni og að skoða þau úrræði sem hafa þróast á sjálfstæðum markaði undir nafninu Vinakot. Auk þess tekur fulltrúi sambandsins í fyrsta skipti þátt í vinnu við gerð framkvæmdaáætlunar í barnavernd.

Leikskólamál

Lífleg umræða var á árinu um leikskólamál. Sambandið sendi framkvæmdastjórum sveitarfélaga bréf í byrjun desember 2014 þar sem sveitarfélög voru hvött til að gera sérstakt átak í að hvetja starfsfólk í leikskólum til að afla sér viðbótarmenntunar og auka svigrúm leikskólastjóra til hvatningar og stuðnings við starfsfólk þeirra til náms. Mörg sveitarfélög hafa brugðist við áskoruninni. Morgunverðarfundur var haldinn á Grand Hótel Reykjavík undir yfirskriftinni *Karlar í yngri barna kennslu – hvað ætlar þú að gera?* í október. Hvatningarverðlaunin *Orðsporið 2016* verða veitt þeim sem þykja hafa skarað fram úr við að fjölga karlmönnum sem hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla.

Menntastefna

Sérfræðingar og skólamálanefnd sambandsins áttu tvo samráðsfundi með menntavísindasviði Háskóla Íslands á grundvelli viljayfirlýsingar, sem undirrituð var árið 2014. Einkum var rætt um inntak kennaramenntunar að teknu tilliti til menntastefnu og þarfa skólastarfs á hverjum tíma. Það málefni er einnig mikið til umræðu í úttekki á menntastefnunni

um skóla án aðgreiningar sem hófst á haustdögum. Um er að ræða samstarfsverkefni milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, sambandsins og Kennarasambands Íslands en úttekkin er unnin af Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar.

Persónuupplýsingar - Mentor

Haustið 2015 gaf Persónuvernd frá sér álit er varðaði vinnslu persónuupplýsinga og öryggi þeirra í vefkerfinu Mentor. Upphafið að frumkvæðisathugun Persónuverndar voru ábendingar sem bentu til þess að víðtækar og viðkvæmar persónuupplýsingar um grunnskólanemendur væru skráðar í Mentor og að ósamræmi væri á milli kennara og/eða grunnskóla við skráningu viðkvæmra persónuupplýsinga í kerfið, einkum að því er varðar dagbókarflipa þess. Persónuvernd hefur í kjölfar athugunar sinnar beint þeim tilmælum til grunnskólanna að skráningu viðkvæmra persónuupplýsinga í Mentor verði hætt nú þegar.

Álit Persónuverndar hefur gefið tilefni til viðbragða af hálfu sveitarfélaga. Stofnaður var starfshópur sem í sitja fulltrúar sambandsins og Reykjavíkurborgar. Hlutverk starfshópsins hefur falist í því að fara yfir álit Persónuverndar varðandi vinnslu persónuupplýsinga og öryggi þeirra í vefkerfinu Mentor, samræma viðbrögð sveitarfélaga við álit Persónuverndar og stuðla að því að gerðar verði breytingar á reglum með það að markmiði að tryggja að meðferð persónuupplýsinga nemenda í grunnskólum sé í samræmi við lög.

Tónlistarfræðsla á framhaldsskólastigi

EKKI náðist samkomulag á árinu um kostnaðarskiptingu vegna tónlistarfræðslu en þrátt fyrir það fengust fjármunir, alls 180 m.kr. til að stuðla að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla. Áfram er unnið að því að tryggja framtíðarlausn í þessu máli, sem hefur reynst afar snúið úrlausnar og



Sérfræðingar og skólamálanefnd sambandsins á fundi í Borgartúni 30.

kallað á mikla vinnu af hálfu sambandsins allt frá undirritun samkomulags við ríkið árið 2011.

Úrgangsmál

Sambandið stóð fyrir málþingi um úrgangsmál í mars þar sem rætt var um að þörf væri á að endurskoða áherslur sambandsins í úrgangsmálum, með hliðsjón af þróun á innlendum og erlendum vettvangi. Í byrjun hausts hófst starfshópur á vegum sambandsins handa við gerð skýrslu þar sem settar eru fram tillögur um margvíslegar úrbætur, sem m.a. snúa að samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Einnig er greind þörf fyrir lagabreytingar til að skýra ábyrgð og heimildir sveitarfélaga á sviði úrgangsmála. Einnig skipulagði verkefnisstjóri sambandsins heimsókn sérfræðinga sveitarfélaga í úrgangsmálum til sveitarfélaga í Þýskalandi, Hollandi og Belgíu.

Ytra mat á grunnskólum

Árið 2013 var ýtt úr vör þróunarverkefni um ytra mat á grunnskólum. Um er að ræða samstarfsverkefni sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fjármagnað er af ráðuneyti (60%) og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (40%). Á árinu 2015 var tekin sú ákvörðun að framlengja verkefnið fram til ársloka 2016 og vinna samhliða að framgangi verkefnisins eftir að það færir af þróunarstigi á framkvæmdastig.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur styrkt verkefnið á meðan það er á þróunarstigi en til framtíðar er líklegt að sveitarfélög greiði sinn hluta sjálf af ytra mati sinna skóla. Lögð verður áhersla á að halda áfram samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti um ytra mat á grunnskólum.

Símenntun og starfsþróun kennara

Sambandið á fjóra fulltrúa í fagráði um símenntun og starfsþróun kennara, þar af er einn í fimm manna stýrihópi. Fagráðið tók þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefna og samráðsfunda. Skipaðir voru vinnuhópar til að vinna úr ýmsum gögnum og afla frekari upplýsinga um stöðu mála. Í mars 2015 opnaði mennta- og menningarmálaráðherra upplýsingaveitu fyrir fræðslutilboð sem ætluð eru kennurum, skólastjórnendum, kennslu-, náms- og starfsráðgjöfum í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum. Fagráðið mun ljúka störfum í upphafi árs 2016.

Tilraunaverkefni um hljóðvist

Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Akureyrarkaupstaður, Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerðu með sér samstarfssamning um tilraunaverkefni um hljóðvist í leikskólum byggða á bókun með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara frá 2011 og samhljóða bókun sömu aðila frá árinu 2006. Verkefnið hlaut 2 m.kr. styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Vinna hófst á haustmánuðum 2015.

Daggjöld til hjúkrunarheimila

Fulltrúi sambandsins hefur, ásamt fulltrúum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, setið í samninganefnd við Sjúkraþryggingar Íslands um daggjöld hjúkrunarheimila frá ársbyrjun 2015. Í upphafi viðræðnanna var stefnt að því að ljúka samningum fyrir árslok 2015 en það var langt í land með að það markmið næðist. Líkur benda til að viðræðurnar muni standa yfir stærstan hluta ársins 2016. Niðurstaða hefur ekki fengist í viðræður um mörg mikilvæg atriði sem vega þungt í afkomu hjúkrunarheimila. Þar má nefna kröfulýsingu vegna þeirrar þjónustu sem veitt er, samræmingu á kröfulýsingu



Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, undirritaði samning um efninu ferðaðþjónustu á árinu 2015. Hér handsalar hann samninginn við Grím Sæmundsen, formann samtaka ferðaðþjónustufyrirtækja í viðurvist fimm ráðherra ríkisstjórnarinnar.

velferðarráðuneytisins og gæðaviðmiðs landlæknis-embættisins, húsnæðiskostnað, vinnslu og útfærslu RAI-mats, lífeyrisskuldbindingar og smæðarálag. Rekstur hjúkrunarheimila er víðast hvar erfiður og fulltrúar þeirra í viðræðunum hafa gefið það skýrt út að það verði ekki samið um óbreytt ástand.

Stefnumörkun í málefnum aldraðra til 2035

Fulltrúi sambandsins var skipaður í verkefnisstjórn um stefnumótun í málefnum aldraðra sem starfar á vegum velferðarráðuneytisins. Auk hans eru í hópnum fulltrúar velferðarráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Landspítala-Háskólasjúkrahúss, auk verkefnisstjóra. Starfið hófst formlega í byrjun október og var í upphafi mjög skammur tími til stefnu. Upphaflegar tímaáætlanir stóðust ekki og því var verkefninu gefinn sá tími sem nauðsynlegur var. Allnokkrir aðilar hafa verið kallaðir til fundar við verkefnisstjórnina og tvær vinnustofur haldnar þar sem nokkur fjöldi fólks sem hefur góða þekkingu á viðfangsefninu frá ýmsum sjónarhornum kom að umræðunni. Líklegt að niðurstöðum verði skilað síðla vetrar 2016.

Nýtt skref í útgáfumálum

Sambandið hefur lagt sig fram um að útgáfu- og kynningarmál séu í stöðugri þróun. Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í september 2015 var kynnt ný framsetning á ýmsum lykiltölum úr rekstri sveitarfélaga. Það var bæklingurinn *Notaðu lykiltölur við stjórnun - Þekktu sveitarfélagið þitt* þar sem ýmsar fjármálalegar upplýsingar voru settar fram í tölum, máli og myndrænu formi. Bæklingurinn er settur upp að danskri fyrirmynd. Framsetningin gefur möguleika á að lesendur geti á mjög auðveldan hátt áttað sig á mismunandi stöðu einstakra sveitarfélaga. Bæklingurinn mæltist vel fyrir og verður þróaður áfram.

Æskulýðsmál

Umfang æskulýðsmála hjá sambandinu hefur aukist töluvert á seinustu árum. Starfsmaður sambandsins situr í Æskulýðsráði ríkisins, sem hefur komið að því að útbúa drög að æskulýðsstefnu fyrir ríkið. Sami starfsmaður var tilnefndur til að sitja í starfshópi sem vinnur að því að útbúa aðgerðaráætlun upp úr drögum að æskulýðsstefnu.

Á árinu stóð sambandið fyrir tveimur stórum ráðstefnum um æskulýðsmál í samstarfi við önnur félög. Fyrst ber þar að nefnda ráðstefnuna *Frítíminn er okkar fag* sem haldinn var í samvinnu við Félag íþróttta-, æskulýðs- og tómsfundafulltrúa, Félag fagfólks í frítímaþjónustu og Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi. Hin ráðstefnan bar heitið *Skipta raddir ungs fólks máli?* Hún var haldin af frumkvæði Evrópu ungarfólksins í samstarfi við sambandið, Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, Umboðsmann barna og Ungmennafélag Íslands. Einnig kom sambandið að því að skipuleggja *Forvarnardaginn*.

Sambandið var virkur aðili í *Náum áttum*-hópnum sem er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Einnig situr starfsmaður sambandsins í stjórn Rannsóknarstofu í tómsfundafraeðum.

Námskeið um CAF (Common Assessment Framework)

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins sótti námskeið til Maastricht í maí um sjálfsmatskerfið CAF (Common Assessment Framework). CAF er verkfæri sem er auðvelt í notkun og getur aðstoðað opinberar stjórnsýslustofnanir til þess að nýta aðferðir gæðastjórnunar í því skyni að bæta árangur í stjórnun og rekstri. CAF er ætlað að veita stjórnendum yfirlit yfir starfsemi, greina möguleika fyrir úrbætur og auðvelda samburð við afburðastofnanir. CAF sjálfsmatið spyr spurninga eins og hvort stofnun sé með



Málefni æskunnar er vaxandi þáttur í starfi sambandsins. Þessir tveir herra menn guðuðu á gluggann við setningu forvarnardagsins 1. október.

tiltekna hluti til staðar er tengjast forystu, ferlum, rekstri, samstarfi o.s.frv. Einnig er spurt hvernig stofnun er að mæla árangur og hvernig stofnun er að standa sig að mati viðskiptavina og starfsmanna. Með notkun CAF líkansins fær stofnun upplýsingar um það hvernig hún er að standa sig gagnvart lykilþáttum í starfsemi stofnunar þar sem farið er ítarlega ofan í alla þætti starfseminnar. Skýrsla um námskeiðið er aðgengileg á vef sambandsins.

Rafrænar íbúakosningar

Sambandið hefur fylgst með og stutt tilraunaverkefni innanríkisráðuneytisins og Þjóðskrár Íslands um rafrænar íbúakosningar.

Á árinu 2015 fóru fram tvennar kosningar undir merkjum tilraunverkefnisins. Annars vegar í Sveitarfélaginu Ölfusi, þar sem bæjarstjórnin hafði samþykkt að fram færi ráðgefandi íbúakosning um það, hvort ræða ætti við annað sveitarfélag eða sveitarfélög um sameiningu eða ekki. Einnig var kannað við hvaða sveitarfélag ætti að ræða, ef meirihluti væri því hlynntur. Þriðja spurningin snerist svo um tímasetningu árlegrar bæjarhátíðar.

Skemmst er frá því að segja að af þeim 617, sem þátt tóku í íbúakosningunni voru 304 hlynntir, en 308 andvígir því að ræða sameiningu sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög. Helst vildu þátttakendur að rætt yrði við Hveragerðisbæ eða 286 og 214 völdu Grindavíkurbæ. 309 vildu halda bæjarhátíðina í byrjun ágúst og 149 um sjómannadagshelgina. Tekið skal fram að bæjarstjórnin hafði fengið samþykki innanríkisráðherra fyrir því, að kosningaaldur yrði færður niður í 16 ár.

Hins vegar var það íbúakosning í Reykjanesbæ, en þar fékk bæjarstjórn heimild innanríkisráðherra til þess að íbúakosning í sveitarfélaginu færi fram með rafrænum hætti. Tilskilinn lágmarksfjöldi kjósenda í Reykjanesbæ fór fram á það, að haldin yrði íbúakosning um tiltekið málefni sem snéri

að ákvörðun bæjarstjórnar um breytingu á deiliskipulag í Helguvík. Fór kosningin fram í desember.

Fleiri íbúar voru hlynntir breytingum á deiliskipulagi í Helguvík en þeir sem voru á móti, þótt mjótt væri á munum. Alls 471 íbúi, eða 50,4%, var hlynntur breytingunni og þar með uppbyggingu kísilvers við Helguvík, en 451 eða 48,3% á móti. 12 skiluðu auðu sem gera 1,3%.

Kosningaþátttaka var dræm í þessum tilraunakosningum. Í Sveitarfélaginu Ölfusi var hún 43%, en sýnu verri í Reykjanesbæ, en þar var hún aðeins tæplega 9%.

Tilraunaverkefnið um rafrænar íbúakosningar á að standa fram á mitt ár 2018, en ekki er enn víst um framhald þess, þar sem fjárveitingarvald Alþingis hefur skorið niður fjárveitingar á fjárlögum til verkefnisins.

Kosningalöggjöfn

Fulltrúi sambandsins hefur setið í starfshópi á vegum forseta Alþingis, sem hefur það hlutverk að yfirfara kosningalöggjöfina og gera tillögur um breytingar á henni. Hópurinn hefur einbeitt sér að því að skoða lög um kosningar til Alþingis og er langt kominn með hugmyndir að breytingum á þeim lögum. Þegar þeirri vinnu er lokið verður hægt að skoða aðra löggjöf um kosningar og aðlaga hana að þeim breytingum sem hugsanlega verða gerðar á alþingiskosningalögum.

Í tengslum við þessa vinnu fór fjögurra manna hópur til Noregs í september, þar af tveir starfsmenn sambandsins, til þess að fylgjast með sveitarstjórnarkosningum þar í landi. Dvaldi hópurinn í Osló yfir kosningahelgina og naut góðrar fyrirgreiðslu ráðuneytis sveitarstjórnarmála- og nútímavæðingar í Noregi. Þar átti hópurinn gagnleg samtöl og fundi með fulltrúum ráðuneytisins og síðan fékk hópurinn að fylgjast með utankjörfundaratkvæðagreiðslu og atkvæðagreiðslu á kjörfundi, sem reyndist mjög gagnlegt, en um leið áhugavert vegna þess að ýmislegt í framkvæmd kosninga er með öðrum hætti hjá Norðmönnum en okkur Íslendingum.



Fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfus bíða spennir eftir niðurstöðum rafrænna kosninga.

Til dæmis má nefna að framboðsfrestur rennur út þar fimm og hálfum mánuði fyrir kosningar og ýmislegt er gert til þess að auðvelda kjósendum, bæði innanlands og utan, að greiða atkvæði utan kjörfundar. Þá má nefna að í tæplega 30 sveitarfélögum var gerð tilraun með merkingar þeirra sem neyttu atkvæðisréttar síns í rafræna kjörskrá á kjörstað. Kjósendur í þessum sveitarfélögum áttu því þess kost að neyta kosningaréttar síns á hvaða kjörstað sem var innan viðkomandi sveitarfélags.

Gerð var skýrsla um sveitarstjórnarkosningarnar í Noregi 2015 og er hún aðgengileg á vef sambandsins.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin á Hilton Reykjavík Nordica hóteli í september.

Ráðstefnan var fjölmenn, en hún hefur um árabíl verið fjölsóttasta ráðstefna sveitarfélaganna ár hvert. Að venju voru fjölbreytt erindi flutt á ráðstefnunni báða dagana, en meðal þess sem áhersla var lögð á fyrri daginn má nefna áhrif kjarasamninga á fjármál sveitarfélaga, umfjöllun um styrkingu og breikkun á tekjustofnum sveitarfélaga, notkun Best Practice-aðferðarinnar á undirbúning fjárhagsáætlana og ráðstöfum stöðugleikaskatts og afnám fjármagnshafta. Þá voru samræður milli Halldórs Halldórssonar, formanns sambandsins, og Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra.

Seinni daginn fór dagskráin fram í tveimur málstofum. Í A-hluta var m.a. rætt um innleiðingu og áhrif vinnumats grunnskólakennara, gildi forvarnarstarfs og samstarfsmöguleika sveitarfélaga á hagkvæmum innkaupum. Í B-hluta var áhersla lögð á fasteignaskatt og undanþágur í fasteignamati, fjarvistir á vinnustað, veikindadaga og mannauðsmál sveitarfélaga. Um 20 fyrirtæki voru með sýningarbása í fordyri stóra salarins á hótelinu. Þar komast yfirleitt færri að en vilja.

Þátttakendum var sent ráðstefnumat að lokinni ráðstefnunni þar sem mögulegt var að gefa álit á dagskránni og koma með ábendingar um áhugaverð viðfangsefni fyrir næstu ráðstefnu. Um helmingur þátttakenda skilaði matinu. Mikil ánægja kom fram hjá þeim sem skiluðu mati á dagskrá ráðstefnunnar og framkvæmd hennar.

Starfsmannamál

Stjórn sambandsins ákvað í upphafi árs að fjölga stöðugildum á skrifstofu sambandsins um eitt og hálf starf til þess að bregðast við auknu vinnuálagi og umfangsmeiri verkefnum. Ráðin var Margrét Sigurðardóttir, fyrrverandi sveitarstjóri, í starf á kjarasviði og Þórður Kristjánsson, fyrrverandi skólastjóri, í hálf, tímabundið starf á lögfræði- og velferðarsviði.

Póra Björg Jónsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, fór í fæðingarorlof í ágúst. Ráðin var Vigdís Ósk Sveinsdóttir Häsler lögfræðingur til þess að leysa hana af.

Að ósk starfsmanna var ákveðið að ráðast í vinnusálfræðilega úttekt á starfsanda og samskiptum á vinnustaðnum og var Marteinn St. Jónsson, fyrirtækja- og vinnusálfræðingur, ráðinn til verksins. Hann hóf úttekt sína í nóvember og lauk við að ræða við alla starfsmenn í desember. Niðurstöður voru svo kynntar á nýju ári.

Starfsmannafélagið starfaði með venjubundnum hætti á árinu 2015. Fjölsótt árshátíð var haldin utan Reykjavíkur – að þessu sinni í hótelinu Ion í Grafningi. Þar fengu starfsmenn m.a. að kynnast starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum.



Svipmynd frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2015.

Starfsmenn sambandsins í desember 2015

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri
Benedikt Þór Valsson hagfræðingur
Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur
Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur
Margrét Sigurðardóttir sérfræðingur
Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri
Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi
Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur
Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur
Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi
Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur
Vigdís Ósk Sveinsdóttir Häsler lögfræðingur
(afleysingar)
Þóra Björg Jónsdóttir lögfræðingur (í fæðingarorlofi)
Þórður Kristjánsson sérfræðingur

Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri
Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur
Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur
Valur Rafn Halldórsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri
Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi
Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri
Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari
Þóra Helgadóttir, bókarari og launafulltrúi

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Brussel-skrifstofu sambandsins



Starfsmenn sambandsins fylgdust, eins og flestir landsmenn, með sólmyrkvanum sem átti sér stað 20. mars 2015. Hér fylgjast þær Klara E. Finnbogadóttir, Svandís Ingimundardóttir og Kolbrún Erna Magnúsdóttir með þróuninni á himinhvolfinu.

Stjórn og nefndir í desember 2014

Stjórn sambandsins:

Halldór Halldórsson formaður, Reykjavíkurborg
Skúli Helgason, Reykjavíkurborg - varamaður
S. Björn Blöndal, Reykjavíkurborg
Gunnar Axel Axelsson, Suðvesturkjördæmi
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjördæmi
Halla Sigríður Steinólfsdóttir varaform.,
Norðvesturkjördæmi
Jónína Erna Arnardóttir, Norðvesturkjördæmi
Eiríkur Björgvinsson, Norðausturkjördæmi
Gunnhildur Ingvarsdóttir, Norðausturkjördæmi
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjördæmi
Ísólfrur Gylfi Pálmason, Suðurkjördæmi

Kjaramálanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri, Hveragerðisbæ
Elías Jónatansson bæjarstj., Bolungarvíkurkaupstað
Gunnar Jónsson bæjarritari, Fjarðabyggð
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ragnhildur Ísaksdóttir stmstj., Reykjavíkurborg

Félagsþjónustunefnd:

Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri,
Akureyrarkaupstað
Gunnar Þorgeirsson oddviti, Grímsnes- og
Grafningshreppi
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, formaður félagsþjónustu
Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga
Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri,
Hafnarfjarðarkaupstað
Stefán Eiríksson sviðsstjóri, Reykjavíkurborg

Skipulagsmálanefnd:

Elín R. Líndal sveitarstjórnarmaður, Húnaþingi vestra,
Arnbjörg Sveinsdóttir bæjarfulltrúi,
Seyðisfjarðarkaupstað
Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH
Bárður Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi,
Sveitarfélaginu Árborg

Skólamálanefnd:

Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi,
Fljótsdalshéraði
Karl Frímansson sveitarstjóri, Eyjafjarðarsveit
Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri, Borgarbyggð
Margrét Halldórsdóttir forstöðumaður, Ísafjarðarbæ
Skúli Helgason borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg

Siðanefnd:

Sigurður Kristinsson formaður
Erling Ásgeirsson varaformaður
Anna Guðrún Björnsdóttir



Fulltrúar nemenda í Vættaskóla ásamt forseta Íslands, forsetafrú, borgarstjóra og fleiri ráðamönnum á forvarnardegnum sem haldinn var hátíðlegur 1. október 2015.



**Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2015**

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 74 að tölum, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 500,9 m.kr. á árinu 2015 en rekstrargjöld 510,5 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því neikvæð um 9,6 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins neikvæð um 8,9 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 366,3 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 23,6 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 25,5.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2015 nema 199,8 m.kr. en skuldir námu 60,3 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 139,4 m.kr. í árslok 2015.

Ársreikningur Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015 er gefinn út hinn 26. janúar 2016 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 26. janúar 2016.

Framkvæmdastjóri:




Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:



Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. febrúar 2016.

Stjórn:



Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits sambandsins sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlitsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 26. febrúar 2016.

KPMG ehf.



Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2015 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 22. febrúar 2016.



Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	Ársreikningur 2015	Fjárhagsáætlun 2015	Ársreikningur 2014
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....		376.875.500	345.700.000	344.420.994
Framlag Bakhjarls sambandsins.....		0	18.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta.....		104.662.398	102.525.000	99.212.478
Aðrar tekjur.....		19.326.062	20.500.000	20.896.175
	11	<u>500.863.960</u>	<u>486.725.000</u>	<u>464.529.647</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	12	366.252.237	335.670.000	312.105.938
Annar rekstrarkostnaður.....	13	142.071.130	147.228.000	132.202.734
Afskriftir.....	15	2.176.493	2.176.000	2.176.493
		<u>510.499.860</u>	<u>485.074.000</u>	<u>446.485.165</u>
Rekstrarafkoma ársins.....		<u>(9.635.900)</u>	<u>1.651.000</u>	<u>18.044.482</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur.....		874.787	330.000	621.191
Vaxtagjöld.....		(30.775)	(5.000)	(28.899)
(Lækkun), hækkun sjóða í fjárvörslu.....	16	(118.156)	0	789.975
		<u>725.856</u>	<u>325.000</u>	<u>1.382.267</u>
Afkoma ársins.....	18, 22	<u>(8.910.044)</u>	<u>1.976.000</u>	<u>19.426.749</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.	6, 15	85.400.355	87.576.848
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	7	120.711	120.711
Fjárvörslureikningur	8, 16	543.794	661.950
		664.505	782.661
Fastafjármunir samtals		86.064.860	88.359.509
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur	17	28.779.350	13.920.182
Ýmsar skammtímaskröfur	17	41.212.447	35.331.275
Handbært fé	9	43.707.084	59.557.102
Veltufjármunir samtals		113.698.881	108.808.559
Eignir samtals		199.763.741	197.168.068

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	18	139.435.044	166.345.088
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		10.788.042	16.090.210
Aðrar skammtímaskuldir		49.540.655	14.732.770
		60.328.697	30.822.980
Skuldir samtals		60.328.697	30.822.980
Eigið fé og skuldir samtals		199.763.741	197.168.068

Sjóðstreymisýfirlit árið 2015

	Skýr.	Ársreikningur 2015	Fjárhagsáætlun 2015	Ársreikningur 2014
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi.....	18	(8.910.044)	1.976.000	19.426.749
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	15	2.176.493	2.176.000	2.176.493
Lækkun, (hækkun) sjóða í fjárvörslu.....	16	118.156	0	(789.975)
Veltufé (til) frá rekstri		<u>(6.615.395)</u>	<u>4.152.000</u>	<u>20.813.267</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur (hækkun).....		(20.740.340)	(15.221.199)	(4.639.896)
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun).....		29.505.717	(3.098.950)	14.387.541
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>8.765.377</u>	<u>(18.320.149)</u>	<u>9.747.645</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.149.982</u>	<u>(14.168.149)</u>	<u>30.560.912</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Innleyst sjóðsbref.....	16	0	661.950	2.251.181
Framlag til Bakhjarls sambandsins.....	2	(18.000.000)	(18.000.000)	0
		<u>(18.000.000)</u>	<u>(17.338.050)</u>	<u>2.251.181</u>
(Lækkun), hækkun á handbæru fé.....		(15.850.018)	(31.506.199)	32.812.093
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>59.557.102</u>	<u>59.557.102</u>	<u>26.745.009</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>43.707.084</u>	<u>28.050.903</u>	<u>59.557.102</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2015, en lífeyrisskuldbindingar sambandsins eru færðar í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30. Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 14 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,70% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,70% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.
- Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign	50 ár
----------------	-------

 Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Fjárvörslureikningur

- 8 Fjárvörslureikningur í fjármálastofnun er færður til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok.

Handbært fé

- 9 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fjárhagsáætlun

- 10 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2015 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

11 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2015	Fjárhagsáætlun 2015	Ársreikningur 2014
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	376.875.500	345.700.000	344.420.994
Framlag Bakhjarls til sambandsins	0	18.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta:.....			
· Sveitarfélög	50.547.245	62.396.000	56.892.411
· Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	25.335.750	12.826.000	16.134.270
· Bækur, o.fl.	1.810.772	2.349.000	2.298.691
· Samstarfsstofnanir.....	26.968.631	24.954.000	23.887.106
	<u>104.662.398</u>	<u>102.525.000</u>	<u>99.212.478</u>
Aðrar tekjur:			
· Ráðuneyti og ríkisstofnanir	1.550.000	1.500.000	2.745.628
· Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	17.776.062	18.000.000	17.750.547
· Styrkir og endurgreiðslur.....	0	1.000.000	400.000
	<u>19.326.062</u>	<u>20.500.000</u>	<u>20.896.175</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>500.863.960</u>	<u>486.725.000</u>	<u>464.529.647</u>

Starfsmannamál

12 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2015	Fjárhagsáætlun 2015	Ársreikningur 2014
Laun.....	272.302.601	271.046.000	252.337.149
Launatengd gjöld	64.053.916	64.624.000	59.768.789
Áfallið orlof, breyting.....	29.895.750	0	0
	<u>366.252.267</u>	<u>335.670.000</u>	<u>312.105.938</u>
Ársverk starfsmanna	25,5	26,1	25,1

Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur 2015	Fjárhagsáætlun 2015	Ársreikningur 2014
13 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Vörukaup.....	31.490.998	25.254.000	28.566.535
Þjónustukaup.....	107.759.468	117.745.000	100.897.969
Skattar og opinber gjöld.....	2.323.662	2.029.000	2.045.085
Styrkir og framlög	497.002	2.200.000	693.145
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>142.071.130</u>	<u>147.228.000</u>	<u>132.202.734</u>

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

14 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 126,6 m.kr. á árinu 2015 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	11.317.463	6.094.017	17.411.480
Annar sameiginlegur kostnaður.....	<u>92.269.926</u>	<u>16.876.257</u>	<u>109.146.183</u>
Samtals.....	<u>103.587.389</u>	<u>22.970.274</u>	<u>126.557.663</u>
Hlutfall.....	81,8%	18,2%	100%

Skýringar frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 15 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2015.....	108.824.660
Afskrifað áður.....	(21.247.812)
Bókfært verð 1.1. 2015.....	87.576.848
Afskrifað á árinu.....	(2.176.493)
Bókfært verð 31.12. 2015.....	<u>85.400.355</u>
Stofnverð 31.12. 2015.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2015.....	(23.424.305)
Bókfært verð 31.12. 2015.....	<u>85.400.355</u>
Afskriftarhlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 135,4 m.kr. í árslok 2015.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 158,1 m.kr. á sama tíma.

Áhættufjármunir og langtímakröfur

- 16 Fjárvörslureikningur hjá Íslenskum verðbréfum hf. greinist þannig:

Eign 1.1.2015.....	661.950
Innleyst sjóðsbréf.....	0
Lækkun verðbréfaeignar.....	(118.156)
Eign 31.12.2015.....	<u>543.794</u>

Skammtímakröfur

- 17 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 54,7 m.kr. í árslok 2015. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 18 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2015.....	166.345.088
Afkoma ársins.....	(8.910.044)
Framlag til Bakhjarls sambandsins.....	(18.000.000)
Eigið fé 31.12. 2015.....	<u>139.435.044</u>

Lykiltölur

19 Helstu lykiltölur:	2015	2014
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum.....	1,88	3,53
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni.....	69,8%	84,4%

Skýringar frh.

Kjarasvið - kjaramál

- 20 Á XXIV. landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemdum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Starfsmat:			
Laun.....	3.916.848	4.368.000	7.659.202
Launatengd gjöld.....	928.441	1.055.000	1.858.660
Vörukaup.....	135.636	0	11.806
Þjónustukaup.....	14.666.319	16.073.000	11.462.735
Samtals kostnaður.....	19.647.244	21.496.000	20.992.403
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(19.647.244)	(21.496.000)	(20.992.403)
Samtals.....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs.....	25.000.000	35.000.000	30.000.004
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(25.000.000)	(35.000.000)	(30.000.004)
Samtals.....	0	0	0

- 21 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Staða í ársbyrjun.....	31.301.327	31.301.327	19.963.604
Starfsmat, sbr. skýringu 20.....	19.647.244	21.496.000	20.992.403
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 20.....	25.000.000	35.000.000	30.000.004
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu.....	(42.105.514)	(41.630.000)	(39.654.684)
Staða í árslok.....	33.843.057	46.167.327	31.301.327

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

22 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs.....	0	376.876	(376.876)	(345.700)
Framlag Bakhjarls sambandsins.....	0	0	0	(18.000)
Samtals	0	376.876	(376.876)	(363.700)
Yfirstjórn				
Landsþing.....	1.067	0	1.067	1.580
Sambandsstjórn.....	26.602	0	26.602	27.390
Siðanefnd.....	236	0	236	790
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.335	0	1.335	1.184
Aðrar nefndir og sérverkefni.....	5.412	0	5.412	11.966
Innlent samstarf.....	1.272	0	1.272	1.402
Norrænt samstarf.....	1.773	0	1.773	2.233
Fulltrúaráð CEMR.....	2.330	0	2.330	2.253
Sveitastjórnarvettvangur EFTA.....	596	0	596	418
Annað erlent samstarf.....	440	0	440	450
Afmæli sambandsins.....	339	0	339	1.000
Samtals	41.402		41.402	50.666
Rekstrar- og útgáfuvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	120.515	21.252	99.263	86.532
Samtals	120.515	21.252	99.263	86.532
Hag- og upplýsingarvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	58.075	2.105	55.970	47.722
Upplýsingaveita sveitarfélaga.....	1.528	0	1.528	1.153
Skólavogin.....	15	0	15	262
Samtals	59.618	2.105	57.513	49.137
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	82.934	25.000	57.934	45.429
Starfsmat.....	19.647	19.647	0	0
Kjaramálanefnd.....	454	0	454	819
Samtals	103.035	44.647	58.388	46.248
Þróunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	18.999	0	18.999	17.415
Brussel-skrifstofa.....	17.687	17.776	(89)	704
Samtals	36.686	17.776	18.910	18.119

Skýringar frh.

22 framhald

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Lögfræði og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	84.943	3.611	81.332	75.741
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum.....	13.900	7.450	6.450	6.028
Félagsþjónustunefnd.....	860	0	860	843
Skipulagsmálanefnd.....	403	0	403	1.357
Skólamálanefnd.....	1.872	0	1.872	2.284
Samtals	101.978	11.061	90.917	86.253
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur.....	10.133	11.981	(1.848)	(24)
Námskeið.....	12.525	13.355	(830)	(3)
Samtals	22.658	25.336	(2.678)	(27)
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál.....	3.267	0	3.267	3.328
Árbók sveitarfélaga.....	1.422	1.770	(348)	(312)
Rit til endursölu.....	147	41	106	464
Upplýsingavefur sambandsins.....	5.670	0	5.670	8.260
Önnur fræðslu- og kynningarrit.....	298	0	298	500
Samtals	10.804	1.811	8.993	12.240
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30.....	17.411	0	17.411	16.130
Hlutdeild samstarfsstofnana.....	(6.094)	0	(6.094)	(5.646)
Samtals	11.317	0	11.317	10.484
Sameiginlegur kostnaður				
Afskriftir.....	2.176	0	2.176	2.176
Staðgr. fjármagnstekjuskattur.....	174	0	174	66
Þjónustugjöld banka.....	138	0	138	155
Samtals	2.488	0	2.488	2.397
Alls rekstur	510.501	500.865	(9.636)	(1.651)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.....	0	870	(870)	(330)
Vaxta- og verðbóttagi. af skammtsk.....	31	0	31	5
Arður af hlutabréfum.....	0	5	(5)	0
Breytingar á fjárvörslureikningum.....	118	0	118	0
Samtals	149	875	(726)	(325)
Alls	510.650	501.740	8.910	(1.976)

